

**Sp. 110. Tillaga til þingsályktunar** [108. mál]  
um rannsókn á innsiglingarleiðinni í Höfn í Hornafirði.

Flm.: Sverrir Hermannsson, Egill Jónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta hið fyrsta fara fram ítarlega rannsókn á innsiglingunni í Höfn í Hornafirði og hafnaraðstöðu allri austur þar.

**Greinargerð.**

Öllum er ljóst mikilvægi góðra hafnarskilyrða í Höfn í Hornafirði og greiðrar siglingar í þá höfn. Höfn hefur um árabil verið ört vaxandi fiskvinnslu- og útgerðarstaður og nú orðið einn mikilvægasti framleiðslustaður útflutningsafurða í landinu. Við þetta bætist hið gífurlega mikilvægi hafnar í Höfn vegna hinnar víðáttumiklu hafnleysu frá Vestmannaeyjum austur til Berufjarðar, að Höfn einni undanskilinni. Lokun hafnar í Höfn yrði því meiri háttar áfall fyrir þjóðarbúið og má einskis láta ófreistað að hindra að svo verði nokkru sinni.

Nýfengin reynsla bendir þó til að mikil hætta kunni að vera á ferðinni. Í árslok 1978 urðu þær breytingar á innsiglingunni í Höfn á örskömmum tíma að hindruðu siglingu allra stærri skipa. Allítarleg athugun var þá gerð á aðstæðum öllum af hálfu Hafnamálastofnunar og tillögur gerðar um bráðabirgðaúrræði og eins til lengri tíma. Einnig voru aðstæður kannaðar árið 1977 með aðstoð erlends sérfræðings og tillögur lagðar fram. Skemmst er frá því að segja, að af framkvæmd tillagna hefur ekkert orðið, ef frá er talin dýpkun innsiglingar í janúar 1979. Við svo búið má ekki standa miðað við mikilvægi þessarar lífhafnar, og því er þessi tillaga flutt.